

Stefna viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands

Markmið og aðgerðir 2006–2011

Inngangur

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands hefur gegnt forystuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði og hagfræði og rannsóknum á sviði þessara greina á Íslandi í nær sjö áratugi. Þótt við sem störfum í deildinni séum stolt af árangrinum sem náðst hefur þá er okkur ljóst að starf deildarinnar er í stöðugri þróun. Viðskiptalíf landsmanna tekur sífelldum breytingum. Okkar starf þarf ekki einungis að endurspegla þetta, það hefur oftast en ekki verið bæði forsenda og hvati breytinga á íslensku viðskiptalífi. Svo mun áfram verða.

Deildin tekur sífelldum breytingum. Nokkrum þeirra sem þegar hafa orðið er lýst í næsta kafla þessa stefnuskjals. Fleiri eru fyrirhugaðar á næstu árum og þeim er lýst í síðari hluta skjalsins.

Stefnan er metnaðarfull en raunsæ. Starfsfólk deildarinnar getur sjálft hrundið í framkvæmd ýmsum af þeim breytingum sem lagðar eru til. Aðrar eru ekki á forræði deildarinnar en við munum engu síður gera hvað við getum til að koma þeim á.

Við gerum fyrst og fremst kröfur til okkar sjálfra og nemenda okkar en óskum einnig eftir stuðningi frá umhverfi okkar, íslensku viðskiptalífi og stjórnvöldum. Það er bjargföst trú okkar í viðskipta- og hagfræðideild að deildin muni fá þann stuðning og endurgjalda hann ríkulega á næstu árum, með blómlegu starfi til hagsbóta fyrir nemendur, íslenskt atvinnulíf og alþjóðlegt fræðasamfélag.

Það er ánægjulegt að mótuð hafi verið skýr stefna um að koma Háskóla Íslands í hóp þeirra háskóla heims sem njóta mestrar virðingar fyrir gæði og afrakstur skólastarfsins. Deildin tekur heils hugar undir þetta markmið og hyggst með stefnu þessari og starfi sínu á næstu árum gera sitt til að það geti orðið að veruleika.

Vaxandi deild

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands er stærsta og öflugasta stofnun á sínu sviði á Íslandi. Hlutverk deildarinnar er að auka og miðla framúrskarandi og alþjóðlega viðurkenndri þekkingu á sviði viðskiptafræði og hagfræði með vísindalegum rannsóknum, kennslu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Hún hefur verið leiðandi í þessu starfi á Íslandi allt frá árinu 1938 er forveri hennar, Viðskiptaháskóli Íslands, tók til starfa.

Viðskipta- og hagfræðideild er í virkum og árangursríkum tengslum við íslenskt atvinnulíf og alþjóðlegt fræðasamfélag og hefur verið lögð áhersla á að finna góða samstarfsaðila.

Deildin býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt nám sem er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu, skapandi hugmyndir, öguð vinnubrögð og góðan skilning á verkefnum og áskorunum sem tekist er á við í atvinnulífinu. Við eflum einstaklinginn, aukum þekkingu hans og færni til hagsbóta fyrir hann sjálfan og samfélagið.

Undanfarin ár hafa orðið örar breytingar á starfi viðskipta- og hagfræðideildar. Fyrstu áratuginu bauð deildin eingöngu upp á fjögurra ára grunnnám, sem lauk með cand. oecon. prófi. Árið 1988 var tekið að bjóða upp á BS-nám, fyrst eingöngu í hagfræði en síðar einnig í viðskiptafræði. Grunnnáminu hefur síðan smám saman verið breytt í þriggja ára BS- eða BA-nám og hætt var að taka við nýnemum í cand. oecon. nám haustið 2005.

Árið 1991 var tekið að bjóða upp á meistaranám. Meistaránamið hefur verið helsti vaxtarbroddurinn í starfsemi við deildina undanfarin ár og árið 2000 var ákveðið að bæta við doktorsnámi. Fyrir utan rannsóknamiðað MS- og MA-nám á flestum helstu sérsviðum viðskiptafræði og hagfræði býður deildin nú upp á MBA-nám fyrir stjórnendur og M.Acc.-nám í reikningshaldi og endurskoðun. Þá er hægt að stunda þverfaglegt meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum við deildina.

Samhliða uppbyggingu meistaranámsins hefur grunnnámið verið eflt, einkum með meira og fjölbreyttara námsframboði. Deildin býður nú upp á þrjár línur í grunnnámi í hagfræði og sex í viðskiptafræði. Náíð samstarf við aðrar deildir skólans eykur enn á fjölbreytnina. Algengt er að nemendur taki námskeið í öðrum deildum og talsverður hópur fer á hverju ári til útlanda sem skiptinemar.

Aukin umsvif krefjast fleiri starfsmanna. Þeim hefur fjölgað en eigi að síður er brýnt að fá fleira ungt og vel menntað hæfileikafólk til starfa í deildinni.

Starfsemi viðskipta- og hagfræðideildar á hverjum tíma endurspeglar þarfir íslensks þjóðfélags, einkum viðskiptalífs. Aukin sérhæfing sem deildin gefur nemendum nú kost á er eðlileg í ljósi þess að störf eru alltaf að verða flóknari og margbreytilegri og gera ríkari kröfur um faglega kunnáttu. Deildin bæði vill og verður að svara þessu kalli atvinnulífsins um aukinn mannauð og uppbyggingu meistara- og doktorsnáms er mikilvægur liður í því.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar sem störfum í viðskipta- og hagfræðideild er að hún verði ávallt í fremstu röð á sínu sviði. Hún njóti viðurkenningar og standist fyllilega alþjóðlegar kröfur um gæði kennslu og rannsókna. Þá muni deildin áfram laða til sín framúrskarandi nemendur og starfsmenn og standa undir væntingum þeirra.

Við ætlumst til mikils af einstaklingnum, vinnum saman og veitum góða þjónustu. Við höfum mikinn metnað í starfi okkar. Viðskipta- og hagfræðideild ætlar sér ávallt að vera í fararbroddi.

Sýn okkar er að í viðskipta- og hagfræðideild sé öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar, við stöndum jafnfætis góðum deildum í nálægum löndum og verðum fremst á okkar sviði innan lands.

Grunngildi

Viðskipta- og hagfræðideild hefur í heiðri þau grunngildi Háskóla Íslands sem fram koma í stefnu hans. Deildin leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Pekking – allt starf okkar snýst um lærdóm og þekkingu.

Framtak – við ætlumst til mikils af einstaklingnum.

Samvinna – við vinnum saman og veitum góða þjónustu.

Traust – við komum ávallt fram af heilindum.

Árangur – við höfum mikinn metnað í starfi okkar.

Markmið og aðgerðir 2006 –2011

Öflugar rannsóknir

Árangursrík kennsla

Markviss stjórnun og stoðþjónusta

Aðalmarkmið

.

Öflugar rannsóknir

Viðskipta- og hagfræðideild stefnir að því að efla rannsóknir í deildinni þannig að magn og gæði rannsókna jafnist á við samanburðarháskóla á sama sviði í nágrannalöndunum, m.a. fremstu norrænu viðskiptaháskólana.

1. Öflugar rannsóknir

i. Auka rannsóknavirkni

a) Lögð verði áhersla á að kennarar birti ritverk í auknum mæli á alþjóðlegum vettvangi, bæði í viðurkenndum ritrýndum tímaritum og í formi bókarkafla eða bóka með sambærilega stöðu. Umbunað verði sérstaklega fyrir afburðabirtingar.

b) Sett verði skýr markmið um rannsóknavirkni og þeim fylgt eftir.

ii. Koma á gæðamati og skilgreina áherslur

a) Gerð verði úttekt á rannsóknnum í deildinni sem m.a. feli í sér samanburð við viðskipta- og

hagfræðideildir samanburðarháskóla. Þessu verði lokið fyrir árslok 2007.

b) Skilgreind verði áherslusvið. Deildin leggur jafnframt áherslu á að starfsmenn njóti fulls rannsóknafrelsis.

c) Fjárframlög til rannsókna í deildum og skorum taki í auknum mæli tillit til afkasta á skýran og gagnsæjan hátt. Þannig verði það hagsmunir deilda og skora að styðja við bakið á einstaklingum sem standa sig best í rannsóknum og ýta við þeim sem slá slöku við.

iii. Efla doktorsnám

a) Aðstaða til doktorsnáms í deildinni verði bætt og ramminn utan um námið styrktur, m.a. með samstarfssamningum við erlenda háskóla.

b) Aflað verði fjár til styrkja þannig að doktorsnemar geti helgað sig náminu. Jafnframt verða gerðar ríkar kröfur um námsframvindu.

c) Í deildinni verði að jafnaði 12 –16 doktorsnemar og 3– 4 útskrifast á ári hverju. Fyrra markmiðinu verði náð eigi síðar en skólaárið 2008 –2009.

iv. Ráðast í erlent samstarf

a) Samstarf við erlendar deildir á sviði viðskipta- og hagfræða verði aukið enn frekar, m.a. með öflun styrkja til slíkrar samvinnu.

b) Aðstaða til samstarfs við erlenda samstarfsaðila verði bætt.

c) Aflað verði fjár til að bjóða afburðafólki á áherslusviðum viðskipta- og hagfræðideildar til dvalar við deildina. Vegna þessa mun viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands:

v. Auka sókn í samkeppnissjóði

a) Hvatt verði til sóknar kennara í samkeppnissjóði. Kennarar geti leyst sig undan kennslu tímabundið með því að afla sér styrkja í því skyni.

b) Styrkir verði veittir til undirbúnings umsókna í alþjóðlega samkeppnissjóði.

c) Stoðþjónusta við umsóknir í samkeppnissjóði verði stórefld.

vi. Bæta aðstöðu

a) Tryggt verði að aðgangur að rafrænum tímaritum og gagnagrunnum verði á borð við það sem tíðkast í samanburðarháskólunum.

b) Aðstaða til rannsókna á sviðum sem krefjast sérhæfðs búnaðar verði stórefld.

Árangursrík kennsla

Viðskipta- og hagfræðideild býður upp á grunnnám, meistaranám og doktorsnám ásamt

símenntun sem er í fremstu röð. Deildin leggur metnað sinn í að veita nemendum góða þjónustu.

Til að ná þessu markmiði þarf viðskipta- og hagfræðideild úrvalskennara og nemendur og aðstöðu sem skapar skilyrði fyrir framúrskarandi kennslu. Viðskipta- og hagfræðideild gerir miklar kröfur til kennara og nemenda um árangur og gæði í námi og kennslu.

2. Árangursrík kennsla

i. Laða að hæfustu nemendurna

a) Þetta verður gert með því að gera námið krefjandi og eftirsóknarvert og styrkja samband deilda við atvinnulíf og stofnanir með heimsóknnum, fyrirlestrum, gestakennurum og verkefnum nemenda sem tengjast atvinnulífinu.

b) Í boði verða styrkir fyrir afburðanemendur í grunn- og framhaldsnámi.

c) Allur aðbúnaður nemenda verður bættur til muna, bæði kennslu- og vinnuaðstaða. Sérstaklega verður hugað að aðstöðu fyrir meistara- og doktorsnema.

d) Nemendur verða valdir inn í deildina.

e) Kröfur til nemenda í fullu námi um ástundun og árangur í námi verða auknar en jafnframt boðið upp á leiðir fyrir nemendur í hlutanámi.

ii. Byggja á bestu kennurunum

a) Viðskipta- og hagfræðideild býður kennurum upp á fyrirmýndarstarfsumhverfi, m.a. með öflugri stöðþjónustu.

b) Hlutfall fastra kennara á hvern nemenda verður 1:17 sem er um tvöföldun frá því sem nú er. Þetta er bæði nauðsynlegt til að geta bætt gæði kennslu og aukið svigrúm kennara til rannsókna. Dregið verður úr stundakennslu.

c) Erlendum gistiprófessorum verður fjölgað, þannig að á hverju skólaári verði þeir 3–4.

Vegna þessa mun viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands:

iii. Nýta bestu aðferðir og gæðakerfi við kennslu

a) Viðskipta- og hagfræðideild útbýr lista með framúrskarandi erlendum háskólum á fræðasviðinu til að bera sig saman við í kennslu.

b) Gæðakerfi í kennslu verður þróað frekar.

c) Hugað verður sérstaklega að þjálfun og endurmenntun kennara og þróun nýrra kennsluhátta.

d) Deildin kappkostar að bjóða upp á nýsköpun í kennslu þar sem bestu aðferðir í kennslu og kennslutækni, þ.m.t. upplýsingatækni, innan viðskipta- og hagfræði eru nýttar.

e) Áhersla verður lögð á að sjálfsmat einstakra fagsviða fari reglulega fram.

f) Jafningjamati og hvatakerfi verður beitt til að bæta kennslu. Jafnframt verður horft sérstaklega til viðhorfa nemenda og kallað eftir þeim.

iv. Hafa nám í stöðugri þróun

a) Námsleiðir deildarinnar verða í stöðugri endurskoðun og taka breytingum í takt við þróun atvinnulífsins, samfélagsins og fræðilegrar þekkingar.

b) Hugað verður að nýjum kostum í námi og nýjum námskeiðum.

c) Byggðar verða upp námsleiðir sem höfða til erlendra nemenda, ekki síst í meistaranámi.

d) Viðskipta- og hagfræðideild býður upp á doktorsnám við deildina þar sem m.a. verður byggt á möguleikum til þverfræðilegra rannsókna innan Háskóla Íslands og á samstarfssamningum við valda erlenda háskóla.

e) Deildin mun efla til muna þjónustu sína á sviði endurmenntunar og símenntunar.

Markviss stjórnun og stoðþjónusta

Deildin ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirku stjórnkerfi og góðri stoðþjónustu. Deildin lætur taka út gæði í allri starfsemi hennar, kennslu, rannsóknum og stjórnun, með alþjóðleg viðmið að leiðarljósi, og leitast stöðugt við að gera betur.

3. Markviss stjórnun og stoðþjónusta

i. Markviss efling mannauðs

Deildin þarf að laða að fleira gott fólk og stuðla að markvissum framförum starfsfólks. Deildin vill ávallt hafa innan sinna vébanda færustu starfsmenn sem völ er á og skapa þeim aðstöðu til að eflast og ná árangri í starfi sínu. Meðal þess sem gert verður vegna þessa er eftirfarandi:

a) Tryggja þarf að launa- og starfsumhverfi deildarinnar verði aðlaðandi fyrir starfsmenn. Sveigjanleiki verði aukinn, t.d. þannig að kennurum verði heimilt að lækka kennsluskyldu ef þeir bæta deild það fjárhagslega.

b) Fylgst verður vel með og haft samband við Íslendinga sem eru í framhaldsnámi í greinum deildarinnar eða hafa lokið því og eru við störf utan skólans. Þá vill deildin bjóða upp á post doc störf.

c) Starfsmönnum verði boðið upp á þjálfun í kennslutækni og aðstoð við rannsóknir, þ.m.t. umsóknir í samkeppnissjóði.

d) Öll laus störf með rannsóknarskyldu við deildina verði kynnt á alþjóðlegum vettvangi og tekið tillit til rannsóknargetu ásamt hæfni við kennslu og stjórnsýslu við mat umsækjenda. Umsækjendur kynni sig og rannsóknir sínar á vettvangi deildarinnar.

e) Leitast verður við að ráða kennara í viðskiptafræðum sem hafa bæði akademíska þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu.

f) Allar nýráðningar verði til ákveðins tíma. Litið verði til árangurs í rannsóknum og kennslu þegar tekin er ákvörðun um það að loknum reynslutíma hvort ráða skuli viðkomandi ótímabundið. Skilgreind verði viðmið í þessu skyni. Einnig verði sérhverjum nýráðnum kennara komið

í samband við kennara í deildinni sem hefur náð góðum árangri í rannsóknum og þeim síðarnefnda falið að aðstoða hinn nýráðna við að skipuleggja rannsóknir sínar.

g) Við ákvörðun um framgang og nýráðningar skal styðjast við samburð við góðar deildir við aðra háskóla. Dómnemndir hafi að jafnaði einum aðila að skipa frá erlendri háskóladeild sem er framarlega á viðkomandi sviði. Auk rannsókna hafi gæði kennslu og framlag til stjórnunar vægi við mat.

h) Bæta þarf vinnuástöðu starfsmanna og nemenda. Það verður gert að hluta með Háskólatorgi en einnig þarf fleiri og betur búnað kennslustofur. Þá þarf að auka rafrænan aðgang að tímaritum. Viðskipta- og hagfræðideild vill vera eftirsóttur skóli þar sem aðstaða til náms og rannsókna er framúrskarandi og færri komast að en vilja. Deildin leggur því allt kapp á að laða til sín góða nemendur til að stunda nám og taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem unnið er að.

ii. Fjárhagslegt sjálfstæði

Deildin þarf að tryggja sér rekstrargrundvöll sem gerir kleift að byggja hana upp sem alþjóðlega viðurkenndan viðskipta- og hagfræðiháskóla. Í þessu skyni mun deildin vinna að því að fá mat á kennslukostnaði leiðrétt til samræmis við nútímakennsluhætti. Deildin þarf jafnframt aukið fjárhagslegt sjálfstæði og mun í því skyni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða deildarinnar við aðrar innlendar viðskiptafræðideildir sem hafa heimild til að leggja á skólagjöld verði jöfnuð. Enn fremur verður lögð áhersla á aukin fjárframlög frá atvinnulífi og sókn í samkeppnissjóði. Hún byggist m.a. á afmörkun áherslusviða og leit að samstarfsaðilum.

iii. Sköpun ásýndar: Fjölbreytt, framúrskarandi og framsækið starf

Unnið verður öflugt kynningarstarf þar sem stefnu deildarinnar er komið á framfæri á skýran og sannfærandi hátt. Vefur deildarinnar verður í stöðugri þróun, bæði íslensk útgáfa og ensk. Deildin verði ávallt efst í huga og fyrsti kostur þeirra sem stunda vilja nám eða nýta niðurstöður rannsókna í viðskiptafræði og hagfræði á Íslandi.

iv. Virk samskipti við háskólasamfélagið

Deildin vill eiga virk samskipti við háskólasamfélagið. Meðal þess sem gert verður vegna þessa er að halda í auknum mæli sameiginlega fundi og ráðstefnur með öðrum skólum, bæði innlendum og erlendum. Við viljum taka vel á móti samstarfsaðilum okkar og bjóða erlendum gestum upp á góða vinnuástöðu. Deildin byggir starf sitt á árangursríku samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

v. Skilvirk skrifstofa og virk stoðþjónusta

Skrifstofa deildarinnar gegnir lykilhlutverki í starfi hennar. Skrifstofuna þarf að efla til muna þannig að hún geti veitt kennurum virkan stuðning, bæði við kennslu og rannsóknir, auk þess að veita nemendum og stjórnslu deildarinnar þjónustu eins og hingað til. Koma þarf upp aðstöðu og starfsfólki til að vinna að styrkumsóknum og annarri fjáröflun og að halda utan um eða leiða vinnu við ýmis verkefni, hvort heldur er á sviði kennslu, rannsókna eða tengsla við aðila utan deildarinnar.

Framkvæmd og eftirfylgni

Deildarforseti ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í heild en allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því sem undir þá heyrir. Skorarformenn, skrifstofustjóri, forstöðumenn stofnana, umsjónarmenn einstakra námslína og aðrir starfsmenn hafa umsjón með framkvæmd stefnunnar á þeim sviðum sem undir þá heyra.

Stefna deildarinnar verður útfærð nánar í framkvæmdaáætlun deildarinnar og verður endurskoðuð árlega í ljósi reynslunnar. Deildarforseti fundar reglulega með öðrum starfsmönnum deildarinnar til að fara yfir framkvæmd stefnunnar og ákveða næstu skref. Þá er stefnan rædd á deildar- og skorarfundum og í stjórnnum annarra eininga.

Samþykkt á fundi deildarinnar 6. október 2006